

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Hádegismóar 6.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 14. október 2016, breytingu á deiliskipulagi Hádegismóa 6. Í breytingunni felst stækkun á núverandi byggingarreit um 4 metra til suðurs. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Fiskislóð 37c og Hólmaslóð 1.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 12. október 2016, breytingu á deiliskipulagi Örfiriseyjar, Vesturhafnar Reykjavíkur, vegna lóðanna nr. 37c við Fiskislóð og 1 við Hólmaslóð. Í breytingunni felst sameining lóðanna nr. 37c við Fiskislóð og 1 við Hólmaslóð og ber sameinuð lóð heitið Fiskislóð 37c. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Hverfisgata 78.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 22. september 2016, breytingu á deiliskipulagi reits 1.173.0 vegna lóðarinnar nr. 78 við Hverfisgötu. Í breytingunni felst að heimilt verði að rífa bakhús og í stað þess verði gert ráð fyrir fjögurra hæða húsi á baklóð ásamt leyfi til að hafa hótél eða gistiheimili á lóðinni. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 19. október 2016.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 2. nóvember 2016